

Kjarvalsstaðir:

Baltasar, Ragnhildur og Borealis

Nú standa yfir þrjár listsýningar á Kjarvalsstöðum. Baltasar sýnir málverk í vestursal, Ragnhildur Stefánsdóttir sýnir skúlptúr í v-forsal og Borealis, norræn listsýning er í austurhelming hússins.

Sýningin Borealis er sett upp á vegum Norrænu listamiðstöðvarinnar í Sveaborg í samvinnu við stjórn Kjarvalsstaða. Sextán listamenn eiga þar verk, þrjú frá hverju Norðurlandanna og einn frá Færeyjum. Íslensku listamennirnir eru Asgerður Búadóttir, Gunnar Örn og Magnús Tómasson. Á sýningunni eru málverk, teikningar, vefnaður, skúlptúr og myndverk af ýmsu tagi.

Í tengslum við sýninguna er sýndur litskyggnuþáttur um starfsemi Sveaborgar í Finnlandi, en þar eru sem kunnugt er mjög vel búnar vinnustofur fyrir listamenn og rekin öflug menningarstarfsemi á vegum allra Norðurlandþjóðanna.

Sýningarnar þrjár á Kjarvalsstöðum eru opnar daglega kl. 14-22 fram til 23. apríl.

Árni

1

þola, að ef frumvarpið verði samþykkt verður búið að löggesta að alls 41% aflaverðmætis verði tekið framhjá hlutaskiptum á þessu ári.

Meirihluti sjávarútvegsnefndar er reiðubúinn til að samþykkja frumvarpið óbreytt og ráðast þannig að sjómönnum með „handaðerslum“. Í meirihluta nefndarinnar er nefnilega „sjóarinn“ mikli úr Eyjum, Árni Jónsen ásamt 3 öðrum stjórnarliðum. Með því að samþykkja þessa ráðstöfun með áliti sínu í nefndinni hefur Árni enn sýnt sjómönnum hvar hann stendur í hagsmunamálum sjómanna.

Bankar

1


aukist. En reynslan ein getur skorið úr um hvað af þessu leiðir“

— Að lokum, nú ert þú framkvæmdastjóri yfir e.k. samnefnara sparisjóða. Verður slík samvinna ekki erfiðleikum bundin með aukinni samkeppni?

„Síður en svo. Það er mjög gott samband milli sparisjóða og vaxandi áhugi á samvinnu þeirra. Auk þess eru sparisjóðirnir flestir staðbundnar stofnanir sem ekki eiga í svo mikilli samkeppni sín á milli“ sagði Sigurður.

Tæknivæðing þingsins

Eiður Guðnason hefur lagt fyrir Alþingi þingsályktunartillögu þar sem gert er ráð fyrir því að forsetum þingsins verði falið að kanna hvernig hagkvæmast sé að koma við nýrri



Eiður Guðnason með tillögu um að kannað verði hvernig hagkvæmast er að koma við nýrri tækni á Alþingi.

tækni að því er varðar ræðuritun og skráningu, ritun og vörslu þingskjala.

Í greinargerð með tillögunni segir Eiður:

Skráning og varsla gagna og skjala af ýmsu tagi hefur verið að gjörbreytast á undanföllum árum með tilkomu tölvutækni og ritvinnslu. Þessi nýja tækni er ekki lengur á þróunarstigi heldur er hún staðreynd í fjölmörgum stofnunum og fyrirtækjum hér á landi jafnt stórum sem smáum.

Flutningsmanni þykir einsýnt að ritvinnsla og tövlskráning geta komið að mjög góðum notum í störfum Alþingis og orðið til verulegrar hagræðingar og sparnaðar þegar til lengri tíma er litið. Þegar er fyrir hendi staðgöð þekking og kunnáttu í þessum efnum hjá ýmsum aðilum hér á landi þannig að upplýsinga þarf ekki að leita um langan veg.

Frestun á þyrllu-kaupum mótmælt

Alþýðublaðið hefur borist eftirfarandi:

Við undirritaðir áhafnir á eftirtöldum skipum mótmælum harðlega fyrirhuguðum áformum um að fresta kaupum á björgunarþyrllu sem Landhelgisgæslan mun sjá um rekstur á. Við teljum það nánast ósvífni að í viðbót við mikla kjarskerðingu sjómanna eigi líka að ræna þá þeim möguleika að komast undir lækrishendur ef slyss ber að höndum. Við teljum að björgunarþyrlla sem rekin er af Landhelgisgæslu Íslands sé búin að sanna svo rækilega gildi sitt að það sé óverjandi að láta þennan þátt björgunarmála falla niður. Með ósk um skjóta lausn:

Baldur EA, Barði NK, Birtingur NK, Bjartur Nk, Björgúlfur EA, Brettingur NS, Eyvindur Vopni NS, Gullver NS, Hafnarey SU, Hoffell SU, Hólmanes SU, Hólmatindur SU, Kambaröst SU, Kolbeinsey ÞH, Krossanes SU, Ljósafell SU, Sigluvík SI, Skafti SK, Snæfugl SU, Sólbjerg OF, Stakfell ÞH, Sunnutindur SU.

Þá hefur blaðinu borist eftirfarandi frá Sjómannafélagi Reykjavíkur:

„Fundur með farmönnum haldinn í Lindarbæ 4. apríl 1984 skorar á ríkisstjórn og fjármálaráðherra að nýta nú þegar heimild í fjárlögum 1984 um kaup á nýrri þyrllu í stað TF Rán sem fórst sl. haust.

Jafnframt verði ítarlega athugað hvort ekki reynist hagkvæmt gagnvart öryggi og rekstri að kaupa tvær þyrllur þótt sú síðari verði ekki afgreidd fyrr en á næsta ári.“

„Fundur með farmönnum í Sjómannafélagi Reykjavíkur haldinn 4. apríl 1984 í Lindarbæ þakkar björgunarsveitum og starfsfólki Slysavarnafélags Íslands fyrir frábært og óeigingjarnt starf í þágu íslensku sjómannastéttarinnar. Fundurinn samþykkir að árlega í júní í tilefni sjómannadagsins verði dregin af farmönnum ein daglaun og afhent S.V.F.I. Fundurinn skorar á útgerðir farskipa að leggja til S.V.F.I. sömu upphæð á móti. Jafnframt skorar fundurinn á fiskimenn og útgerðarmenn þeirra skipa að gera slíkt hið sama.“

Tökum að okkur hverskonar verkefni í setningu, umbrot og plötugerð, svo sem:

*Blöð í dagblaðaformi
Tímarit
Bækur
o.m.fl.*

Alprent

Ármúla 38 —
Sími 81866




SKÁLDA

afmælisdagabókin er ekki aðeins góð fermingargjöf, heldur og framtíðareign.

Bókin er í flauelisbandi og á henni er silfurskjöldur fyrir upphafsstafina.

Í bókinni eru vísur fyrir hvern dag ársins.



SKÁLDA

Ekki bara bók, heldur þjóðsögubók á góðu verði.

BÓKAÚTGÁFAN ÞJÓÐSAGA

Tilkynning til söluskattsgreiðenda

Athygli söluskattsgreiðenda skal vakin á því, að gjald-dagi söluskatts fyrir mars mánuð er 15. apríl. Ber þá að skila skattinum til innheimtumanna ríkissjóðs ásamt söluskattsskýrslu í þríriti.

Fjármálaráðuneytið

FÉLAGSSTARF

ALÞÝÐUFLOKKSINS

Alþýðuflokksfélag Hafnarfjarðar

Fundur um stóriðju á Íslandi verður haldinn í Alþýðuhúsinu við Strandgötu, Hafnarfirði, fimmtudaginn 12. apríl n.k. kl. 20:30.
Frummælandi: Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri Kísilmálmvinnslunnar hf.
Félagar fjölmennið.

Stjórnin.

Alþýðuflokksfélag Akureyrar

Haldinn verður aðalfundur miðvikudaginn 11. apríl kl. 20.30 að Strandgötu 9.
1) Venjuleg aðalfundarstörf.
2) Önnur mál.
Jórunn Sæmundsdóttir mætir á fundinn og ræðir bæjarmál.
Munið eftir Bæjarmálafundunum sem eru hálfsmánaðarlega annan hvern mánudag.

Stjórnin

Hjúkrunarfræðingar

Eftirtaldar stöður hjúkrunarfræðinga við heilsugæslustöðvar eru lausar til umsóknar:

1. Suðureyri, staðan er laus til umsóknar nú þegar.
2. Ísafjörður, staðan veitt frá 1. júní 1984.
3. Selfoss, staðan er veitt frá 1. júní 1984.
4. Kópavogur, 70% staða hjúkrunarfræðings veitt frá 1. júní 1984.
5. Egilsstaðir, 50% staða hjúkrunarfræðings veitt frá 1. júní 1984.
6. Þingeyri, staða hjúkrunarfræðings eða ljósmóður veitt frá 1. september 1984.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu sendast ráðuneytinu fyrir 10. maí 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 28. mars 1984.